

S A M Þ Y K K T

fyrir Austur-Húnavatnssýslu um eyðingu svartbaks.

141

31. júlí

1. gr.

Skylt er hreppsnefnd, ef 5 eða fleiri varpeigendur eða veiðifélag óskar, að annast innan síns hrepps, eyðingu svartbaks (veiðibjöllu), er skal réttdræpur hvar og hvenær sem er.

2. gr.

Svartbak skal útrýmt með skotum, þó getur jarðarábúandi bannað að skjóta hann í landi sínu, mánuðina maí og júní, þar sem það getur valdið tjóni á varpi eða búpeningi.

Hreppsnefnd ræður skotmenn, sem til þess eru færir. Laun skotmanna greiðist samkvæmt lögum um eyðingu svartbaks, 40 aurar fyrir hvern skotinn svartbak. Skotmenn skulu sanna hve marga svartbaka þeir hafi skotið, með því að leggja fram á manntalsþingum hægri væng fuglsins, og skal hann þar ónýttur um leið. Þá er og gjalddagi skotlauna, er greiðist úr sýslusjóði af sýslumanni, en hann innheimtir aftur þann hluta er ríkissjóði og sveitarsjóðum ber að borga.

3. gr.

Hreppsnefndum er heimilt að eittra fyrir svartbak, en skylt skal þeim að viðhafa þá útrýmingaraðferð ef 5 varpeigendur eða veiðifélag, er hagsmuna hafa að gæta í viðkomandi sveit óska þess, og skulu þá þeir aðiljar, er kröfuna bera fram, greiða þann kostnað, er af eitruninni kann að leiða.

4. gr.

Í þeim hreppum, er svartbak á að útrýma með eitrun, skal hreppsnefnd ráða vandvirkan og vel hæfan mann til þess verks, og skal hann framkvæma eitrunina eftir fyrirsögn héraðslæknis. Þeim, sem eitrun hefir með höndum, ber að tilkynna hverjum ábúanda, hvenær og hvar þeir eittra í landi hans.

5. gr.

Eitrun fyrir svartbak má að eins fara fram í apríl, september og október.

6. gr.

Hver sá, sem hindrar ráðnar svartbaksskyttur eða eitrunarmenn, að verki, eða ónýtir það, sem eittrað hefir verið, án leyfis hlutaðeiganda, skal sæta sektum frá 10—100 krónum.

Ætí það, sem eittrað hefir verið, skal grafið eða brennt innan mánaðar, frá því eitrun hefir farið fram.

7. gr.

Skylt er hverjum jarðarábúanda, að eyða öllum svartbakseggjum í löndum þeim, sem hann hefir til umráða, svo sem kostur er. Vanræki ábúandi þessa skyldu sína, af ásetningi eða skeytingarleysi, sæti hann sektum frá 50—300 krónum.

Hreppsnefndum er heimilt að ráða eftirlitsmann, er hafi sérstakt eftirlit með, að fyrirmælum þessarar greinar sé hlýtt, og kæri hann tafarlaust, ef út af er brugðið.

8. gr.

Sektir samkvæmt samþykkt þessari renni í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

Mál þau, er rísa kunna út af brotum á samþykkt þessari, skal farið með sem opinber lögreglumál.

141 Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og sam-
31. júlí þykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 23. júní 1936, til þess að öðlast
þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

142
8. ágúst

SAMPYKKT

um lokunartíma sölubúða í Eyrarbakkahreppi.

1. gr.

Sölubúðum og sölustöðum innan Eyrarbakkahrepps skal lokað eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga skal sölubúðum, sölustöðum og vöruafgreiðslum lokað, eigi síðar en kl. 7 síðdegis, og eigi opnað aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar, er nú skal greina:

Á tímabilinu frá 1. júní til 1. september, skal sölubúðum og sölustöðum lokað, eigi síðar en kl. 5 síðdegis.

Aðfangadag jóla, gamlárskvöld, laugardagana fyrir páska og hvítasunnu, skal sölubúðum eigi lokað síðar en kl. 5 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum sölubúðum til kl. 11 síðdegis.

Afgreiðslur vöruskipa eru undanþegnar þessum ákvæðum, meðan ferming eða afferming stendur yfir, en að öðru leyti gilda ákvæði samþykktar þessarar þær, sem og sölustaði, jafnt og sölubúðir.

3. gr.

Almenna helgidaga þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst og 1. desember, mega engar sölubúðir vera opnar.

4. gr.

Brauða- og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum þjóðkirkjunnar, sumardaginn fyrsta, 1. maí, 17. júní, fyrsta mánudag í ágúst, og fyrsta desember, frá kl. 9 árdegis til kl. 3 síðdegis, eingöngu til sölu á brauðum og kökum, mjólk og mjólkurafurðum.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á götum eða torgum, eða annars staðar utan sölubúða kaupmanna, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja eftir lokunartíma sölubúða, og á helgidögum, benzín og oliur til bifreiða, svo og olíu, salt og veiðarfæri til báta, sem stunda sjóróðra.

6. gr.

Þá, sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.